

Tillaga til þingsályktunar

um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson,
Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar og takmarkaðar veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Náttúrustofa Vestfjarða og Háskóli Íslands setji reglur um og hafi eftirlit með veiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður um áhrif veiðanna. Tryggt verði að veiðarnar spilli ekki árangri þeirra rannsókna sem fram undan eru á refum á svæðinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi. Var henni að lokinni fyrri umræðu vísað til umhverfisnefndar. Um tillöguna bárust fjölmargar umsagnir og var hún afgreidd af nefndinni, nokkuð breytt. Síðari umræða um málið hófst undir lok þingsins en var eigi lokið. Þingsályktunartillagan er nú endurflutt með þeim breytingum sem meiri hluti umhverfisnefndar gerði á tillögugreininni.

Árið 1985 var ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, en Hornstrandir voru friðlýstar fyrst árið 1975. Veiðar á ref og mink í friðlandinu hafa á hinn bóginn legið niðri allt frá árinu 1994. Meðal reglna sem gilda um friðlandið er að hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

Hér er lagt til að umhverfisráðherra nýti rétt til undanþágu frá settum reglum í friðlýsingu, enda liggja til þess ríkar ástæður í þessu tilviki.

Meginregla laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er að villt dýr séu friðuð, en undantekningar eru gerðar um einstakar dýrategundir. Þá segir í 7. gr. þeirra að í reglugerðum skuli kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skuli m.a. kveða á um hvaða tegundir séu alfriðaðar, hverjar sé heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur umhverfisráðherra sett reglugerð nr. 358/1994.

Í VI. kafla laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er að finna sérákvæði um veiðar. Í 12. gr. er ákvæði um refi, svohljóðandi:

Refir. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Í 13. gr. eru sérákvæði um minka, svohljóðandi:

Minkar. Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

Þannig er meginregla laganna sú að refir séu friðaðir, en minkar ekki.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er þess farið á leit við umhverfisráðherra að nýtt verði heimild ráðherra til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar, sbr. 28. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93/1996, en þar er fjallað um friðlýsingu landsvæða og er ákvæðið svohljóðandi:

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðað í heild landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki raska náttúruferjum né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá

mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Umhverfissráðherra getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu ef ástæður eru fyrir hendi.

Athygli hefur verið vakin á því að með því að veiðar á ref og mink eru ekki heimilaðar í friðlandinu á Hornströndum hafi orðið gríðarleg fjölgun á þessum tegundum. Ferðamenn og aðrir þeir sem eiga leið um svæðið hafa veitt því eftirtekt að mófuglar sjást þar tæplega og augljóst að þeir hafa orðið ref og mink að bráð. Skynsamleg veiði á þessum tegundum myndi því auðga lífríkið og söngur mófuglanna hæfist að nýju.

Íbúar nærliggjandi byggða, jafnt á Ströndum sem við Ísafjarðardjúp, hafa og bent á að gengdarlaus fjölgun á ref og mink í friðlandinu ylli miklum búsisfjum utan friðlandsins. Hjarðir minka og refa streyma suður Strandir og inn í Djúp, leggjast á búfénað, granda fuglum og eyðileggja veiðiár. Hlunnindabændur hafa þannig vakið athygli á að mikil fjölgun refa og minka hafi leitt af sér stórtjón í æðarvörpum og laxveiðiám og skaðað þannig bændur og rýrt afkomu þeirra.

Af þessu hefur síðan leitt að kostnaður við grenjaleit og veiðar á mink hefur vaxið gríðarlega í sveitarfélögum sem næst liggja friðlandinu. Fámenni þeirra hefur hins vegar gert að verkum að stóraukinn veiðikostnaður verður þeim ofviða og eykur enn vandamálið.

Allmiklar deildur stóðu um þessi mál á síðasta ári. Greindi menn á um hvort rétt sé sú fullyrðing í þingsályktunartillögunni að áhrifa af fjölgun refs og minks í friðlandinu á Hornströndum gæti utan þess. Síðastliðið haust birtust á hinn bóginn frásagnir fjölmiðla af því að yrðlingur sem merktur var í Kjaransvík á Hornströndum hafði veiðst í landi Rauðamýrar í hinum gamla Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp innanvert. Þetta þóttu býsna mikil tíðindi í ljósi þess að ýmsir höfðu dregið í efa þær kenningar að refir ferðuðust svo langa leið.

Af þessu sést að brýna nauðsyn ber til að aflétt sé banni við veiðum á mink og ref í friðlandinu á Hornströndum. Á hinn bóginn er skynsamlegt að þessar veiðar fari fram undir eftirliti, vegna þess að um friðland er að ræða. Eðlilegast er að nýstofnuð Náttúrustofa Vestfjarða annist eftirlitið og leggi mat á það innan hæfilegs tíma hvernig staðið skuli að verki til frambúðar.

Í viðtali við Ásbjörn Dagbjartsson, þáverandi veiðistjóra, í Morgunblaðinu 28. september 1997 vikur hann meðal annars að því að minkur hafi verið veiddur í landinu frá árinu 1937 með óbreyttu álagi. „Útkoman er sú að minkurinn hefur gersigrað okkur,“ segir hann. Enn fremur segir hann um minkinn: „Hann hefur farið hringveginn og stofninn hefur alltaf verið í vexti. Það er aðeins á afmörkuðum svæðum þar sem miklu er kostað til að tekist hefur að halda honum í burtu.“

Veiðistjóri segir að stofnstærð refsins hafi þrefaldast á síðustu 20 árum þó svo að veiðar hafi verið svipaðar og áður. „Veiðin hefur minnkað nokkuð síðustu tvö árin og mesta hættan núna er sú að nýliðun í refastofninum aukist í kjölfarið. Það væri í raun stórhættulegt að aflétta snögglega veiðiálagi.“

Hér ber allt að í einu. Öll rök hníga að því að veiðar á ref og mink skuli auknar og einkanlega á það við í friðlandi sem á Hornströndum þar sem fjölgun þessara tegunda er orðin að alvarlegu vandamáli.

Fylgiskjal.**Auglýsing um friðland á Hornströndum.**
(Stjt. nr. 332, 13. ágúst 1985.)

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnarfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skoravatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hagsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan á móta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 fótum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.

Hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns, mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

4. Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.

5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 44/1985 um friðland á Hornströndum.

